

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

431. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 31. júlí 2020 kl. 07:30. Fundurinn fer fram sem fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri. Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva situr fundinn undir lið 2. Páll Guðjónsson ráðgjafi situr fundinn undir lið 3.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum
Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fara yfir horfur í rekstri og fjárfestingum.
2. Tillaga um tímabundna framlengingu samninga um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum
Rekstrarstjóri og framkvæmdastjóri kynna tillögu um framlengingu og leggja jafnframt fram minnisblað frá lögmanni embættis borgarlögmans. Stjórn samþykkir tillöguna.
3. Aðgerðaáætlun um heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu - staða verkefna, áætlun um framhald, ábyrgðarskipting og umboð
Páll Guðjónsson kynnir stöðu og framvindu, sem og fyrirætlanir um næstu skref.
4. Staðan í uppkeyrslu GAJA og móttökustöðvar í Gufunesi
Framkvæmdastjóri fer yfir framvinduna í uppkeyrslu á MTFS og GAJA.
5. Staða mála varðandi samstarf við Ýmir technologies
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála varðandi samstarf við Ými.
6. Stefnumótun 2020-2025, fyrirkomulag við lokafrágang
Framkvæmdastjóri kynnir fyrirætlanir um lokafrágang stefnumótunar.
7. Starfsreglur og siðareglur stjórnar
Stjórn samþykkir starfsreglur stjórnar. Yfirstandi er vinna á vegum SSH er snýr að starfsumhverfi byggðasamlaga og mikilvægt að starfsreglur stjórnar verði endurskoðaðar að þeirri vinnu lokinni. Stjórn samþykkir siðareglur stjórnar.
8. Markmiðssetning stjórnar
Stjórnarformaður fer yfir helstu markmið stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021. Stjórn samþykkir markmiðasetningu.
9. Áhættustefna, umræður um stöðu og næstu skref.

Framkvæmdastjóri gefur yfirlit yfir staðalinn ISO 31000, fer yfir mikilvægi áhættustjórnunar og gefur yfirlit yfir útfærslu hennar í tveimur opinberum fyrirtækjum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa gerð áhættustefnu.

10. Breytingar á skipan formanns og varaformanns stjórnar, skv. hefðum samlagsins
Stjórnarformaður leggur til að Líf Magneudóttir taki við sem stjórnarformaður SORPU bs.
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
Stjórnarformaður leggur til að Ágúst Bjarni Garðarsson taki við varaformennsku SORPU bs.
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

11. Önnur mál

12. Næsti fundur.

Næsti fundur ákveðinn 28. ágúst kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:30

Birkir Jón Jónsson Samþ	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 10:06
Líf Magneudóttir Samþykkt Bestu kveðjur, Líf.	Re: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:43
Jóna Sæmundsdóttir Samþykkt	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:40
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:30
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt. bkv, Bjarni Torfi	Re: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:25
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.	RE: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:23

Tillaga um framlengingu samninga um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur eftirfarandi tillögu fyrir stjórn SORPU bs. til samþykktar á stjórnarfundum þann 31. júlí 2020:

Gildistími núverandi samninga um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum samlagsins er frá 1.1.2016 til 31.12.2020. Íslenska gámafélagið annast þjónustu við fimm endurvinnslustöðvar og Terra annast þjónustu við eina endurvinnslustöð. Lagt er til að samningarnir verði framlengdir um þrjá mánuði, eða til 31. mars 2021.

Helsta ástæða þess að framlengja samninga nú í stað þess að bjóða út að nýju er að vinna tíma til að undirbúa betur útboð sem tæki tillit til óvissu um mikilvæga þætti. M.a. um tímasetningu á flutningi endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða á Lambhagaveg, og einnig hversu lengi endurvinnslustöðin í Mosfellsbæ verður í rekstri. Eins varðandi það hvort endurvinnslustöðin á Dalvegi verði rekin með óbreyttu fyrirkomulagi út komandi samningstíma.

Ljóst er að undirbúningstími útboðs er stuttur og ómögulegt er að ljúka útboðsgögnum sem leiða til hagkvæms tilboðs nema fyrir liggi hvaða endurvinnslustöðvar verða í rekstri á útboðstímanum.

Heildarupphæð umræddra samninga var um 330 miljónir árið 2019.

TRÚNAÐARMÁL

MINNISBLAÐ

Til: Stjórnar Sorpu bs.

Frá: Eyþóru K. Geirsdóttur, lögmanns hjá embætti borgarlögmanns

Dags.: 28. júlí 2020

Efni: Mögulegar framlengingar á samningum um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU.

Vísað er til tölvupósts dags. 26. júlí sl. þar sem óskað var eftir minnisblaði embættis borgarlögmanns um mögulega framlengingu á samningum sem gerðir voru árið 2015 á grundvelli útboðs nr. 061502 um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs.

Það er meginregla í íslenskum rétti að opinberum aðilum beri að bjóða út samninga yfir tilteknu verðmæti. Breytingar á opinberum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli laga um opinber innkaup geta verið nauðsynlegar og jafnvel heimilar við ákveðnar aðstæður en ekki hefur enn reynt á þolmörk slíkra breytinga í íslenskum rétti eftir því sem næst verður komist. Þar sem ekki hefur enn reynt á heimildir til breytinga á sambærilegum samningum í íslenskum rétti væri aðgengilegasta lausnin að framlengja ekki umrædda samninga heldur bjóða þá út sem fyrst þannig að nýir samningar tækju gildi þegar núgildandi samningar renna úr gildi. Hægt væri að huga að nauðsynlegu svigrúmi fyrir breytingar á samningstíma í útboðsgögnum og gera þannig ráð fyrir nauðsynlegum sveiganleika á samningstímanum sem gætu t.d. varðað að gerður væri rammasamningur um þjónustuna, innbyggðar væru mögulegar breytingar á umfangi þjónustunnar, staðsetningu endurvinnslustöðva auk uppsagnarákvæðis. Ákveðinn sveigjanleiki varðandi staðsetningar var sem dæmi innbyggður í grein 1.6 í gildandi samningum.

Fyrir liggur að enn á eftir að taka tilteknar ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag endurvinnslustöðva og þar sem þær muni hafa áhrif á umfang samninga í nýju útboði sé nauðsynlegt að framlengja umræddum samningum. Í samningunum er ekki að finna sérstaka framlengingarheimild en í grein 0.1.10 í útboðsgögnum er samningstími tilgreindur frá 01.01.2016 til 31.12.2020. Af þeim sökum kemur til skoðunar hvort heimilt sé að framlengja núgildandi samninga og þá til hversu langs tíma.

Umræddir samningar voru boðnir út árið 2015 í tíð eldri laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og giltu þau lög um samningsgerðina. Í þeim lögum var ekki sérstaklega tilgreint um hvernig skyldi fara með breytingar á samningum en í nýjum lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 er fjallað um mögulegar breytingar á samningum sem boðnir hafa verið út og mætti hafa hliðsjón af þeim ákvæðum við mat á möguleikum á framlengingum framangreindra samninga en eins og áður segir er ekki við nein íslensk fordæmi að styðjast í þessum efnum.

Í 90. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 er að finna ákvæði sem fjallar um breytingar á samningi á gildistíma hans. Í ljósi framangreindra aðstæðna kemur hér til skoðunar ákvæði f-liðar 1. mgr. 90. gr. en þar kemur fram að heimilt er að breyta samningi án þess að hefja nýtt

innkaupaferli þegar verðmæti breytinga er minna en 10% af upphaflegu verðmæti þjónustusamnings. Verðmæti samnings skal miða við uppfært verð þegar samningurinn hefur að geyma ákvæði um verðbætur, sbr. 2. mgr. 90. gr. laganna.

Við mat á því hversu lengi væri hægt að framlengja umrædda samninga mætti því skv. framangreindu miða við 10% af upphaflegu verðmæti þjónustusamningsins með verðbótum, skv. grein 0.5.5 í útboðsgögnum, en án virðisaukaskatts. Þá þarf jafnframt að líta til áætlunar um mögulegar greiðslur á grundvelli framlengdra samninga án virðisaukaskatts og miða mögulega tímalengd framlenginga við það tímamark sem áætla má að taki að fylla framangreint 10% viðmið. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar Sorpu um virði umræddra samninga í framangreindum skilningi gæti framlenging hvors samnings numið 3 mánuðum.



Eyþóra Kristín Geirsdóttir

lögmaður

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 431 föstudaginn 31. júlí 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Nú stendur yfir tímabil sumarleyfa og því hefur til dæmis verið fámennnt á aðalskrifstofu samlagsins. Starfsemi félagsins er þó öll með eðlilegum hætti og ekkert sérstakt hefur komið upp á frá síðasta stjórnarfund.
- Bréf barst frá UAR dags. 21. júlí og þar kemur m.a. fram: "*Í ljósi framangreinds og umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru að mati ráðuneytisins ríkar ástæður sem mæla með tímabundinni veitingu undanþágu frá starfsleyfi og fellst ráðuneytið því á að veita Sorpu bs., kt. 510588-1189, sem rekstraraðila, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til keyrslu á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. að Viðinesvegi 21, Álfsnesi, til að taka á móti allt að 400 tonnum á viku af lífrænum úrgangi frá heimilum í gas- og jarðgerðarstöðinni í Álfsnesi. Undanþágan nær til þess að framleiddur jarðvegsbætir verði allt að 170 tonn á viku, framleitt lífgas allt að 40 tonn á viku og framleitt metan í gashreinstöð úr afurðum gas- og jarðgerðarstöðvarinnar allt að 30.000 Nm³ á viku.*" Undanþágan er svo háð allmörgum skilyrðum og gildir fram að útgáfu starfsleyfis en þó ekki lengur en til 30. október.
- Undirbúningur þess að hefja starfsemi í GAJA er í fullum gangi. Ræsing fyrri gerjunartanksins hófst samkvæmt áætlun 13. júlí sl. Gasmyndun er enn sem komið er mjög lítil, sem er eðlilegt. Áætlað er að taka móti fyrsta farmi frá Gufunesi þann 5. ágúst og hefja þá vinnslu í stöðinni, þetta veltur þó á því að gasmyndun verði komin það vel af stað að óhætt teljist að mata tankana. Þetta mun væntanlega skýrast á næstu dögum.
- Gangsetningar og prófanir í MTFS í Gufunesi hafa tafist, einkum vegna erfiðleika með pokaopnara og finhakkara frá portúgalska birgjanum Macrovil. Starfsmenn Macrovil voru hér á landi í síðustu viku við stillingar og uppfærslu en hefðu verið hér mun fyrr ef ekki hefði verið fyrir Covid. Hlífar og leiðiplötur milli véla sem hannaðar voru eftir uppsetningu vélbúnaðarins hafa verið að berast og er uppsetning þeirra í gangi. Reglubundin keyrsla á vinnslulínunni getur hafist eftir helgi eða 5. ágúst. Spúl slöngur og myndavélakerfi eru að mestu leyti komið upp og varnarbúnaður verður kláraður á komandi dögum; fullur rekstur getur ekki hafist fyrr en gengið hefur verið frá CE merkingu vinnslulínunnar, þegar hún hefur verið sett upp að fullu. Stillingar búnaðarins þurfa að fara fram við keyrslu hans með efni - en virkni hans mun ekki breytast mikið þar sem uppröðun og uppsetningu búnaðarins er lokið. Afköstin virðast takmarkast við pokaopnarana og þau virðast vera of lítil í dag m.v. hönnunarforsendur, unnið er að því að leysa þetta. Fyrstu prófanir með efni hafa leitt í ljós að talsvert af plasti og öðru finu drasli fellur niður í gegnum sigtin og fer því með lífrænum úrgangi í GAJA. Framundan er fínstilling búnaðarins og að kanna virkni hans í rekstri og leiða þá fram hvort hann skilar efni í samræmi við hönnunarforsendur.
- Unnið er að að eftirfylgni jafnlaunastefnu og jafnlaunavottun á fjármálasviði. Með nýjum innviðum á fjármálasviði er stóraukin áhersla á að framfylgja markmiðum jafnlaunastefnu og viðhalda henni samkvæmt nýjustu reglugerðum. Á næstu dögum verður byrjað að endurskoða og greina hvert starf betur eftir nýjum reglum jafnlaunastefnunar. Stærsta breytingin er að nú þarf að greina hvert starf betur og búa til greiningartöflu, þar sem öll áhættuatriði verða tekin inn í starfið. Einnig þarf að aðlagja skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í samlaginu um þessar mundir að jafnlaunastefnunni. Þessi vinna verður í gangi fram eftir hausti og lýkur fyrir áramót. Samlagið hefur nýverið fengið nýjan úttektaraðila - Versa

vottun - sem tekur út stjórnkerfi þess út frá þremur alþjóðlegum stjórnunarstöðlum og íslenska staðlinum ÍST85 sem snýst einmitt um jafnlaunavottun. Á næsta ári er komið að vottunarúttekt hins nýja úttektaraðila vegna ÍST85.

- Nýir starfsmenn eru að koma til starfa hjá samlaginu á næstu dögum. Sverrir Jónsson hefur verið ráðinn sem sérfræðingur í innkaupum. Gunnar Dofri Ólafsson hefur verið ráðin sem sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni. Báðir eru ráðnir á skrifstofu framkvæmdastjóra og þeir hefja störf þann 7. ágúst. Þeirra biða ærin viðfangsefni. Sverrir mun samræma undirbúning útboðs vegna útflutnings á brennanlegu sorpi til orkuendurnýtingar, og kortleggja umbætur á fyrirkomulagi innkaupa hjá samlaginu. Gunnar Dofri mun samræma samráðsferli við hagsmunaaðila vegna innleiðingar grænna gjaldskráa.
- Í síðustu skýrslu framkvæmdastjóra voru viðraðar áhyggjur vegna samninga samlagsins við félagið Ymir technologies (YT) um leigu búnaðar af YT til fituframleiðslu úr sláturúrgangi, og sölu samlagsins á fitu úr sama búnaði til YT. Unnið er að lögfræðilegri skoðun á samningum við YT en einnig er unnið að því að kanna hvort gangsetja megi búnaðinn með farsælum hætti á grunni breyttra samninga. Sú vinna er þegar hafin með samtölum milli tæknimanna samlagsins og YT og fer hún vel af stað. Vonast er til þess að hægt verði að gera stjórn nánari grein fyrir stöðu mála á næsta stjórnarfund, í lok ágúst.
- Fyrir liggur að ganga frá stefnu stjórnar samlagsins 2020-2025, en hún var þróuð í metnaðarfullri vinnu 2019 og var í raun tilbúin til útgáfu í ársbyrjun. Nú þarf að endurskoða þessa stefnu í ljósi mikilla breytinga sem orðið hafa á vordögum 2020. Sú endurskoðun mun fara fram á komandi vikum og uppfærð drög verða send á alla kjörna fulltrúa í eigendasveitarfélögum snemma í september og sama hópi verður boðið á vinnustofu miðvikudaginn 23. september þar sem rætt verður um stefnuna og lokahönd lögð á mótun hennar. Í framhaldi verður stefnan formlega gefin út.